

Þappírsslóð rakín



Saga vatnsmerkja í pappír

Elstu minjar um pappír eru raktar til Kína og eru frá 2. öld f.Kr. Þaðan barst pappírsgerðarlistin til Mið-Austurlanda og síðar til Evrópu um Norður-Afríku á 12. öld.

Elstu vatnsmerki í pappír er að finna í ítölskum handritum frá árinu 1282. Um 200 árum síðar var pappír farinn að ryðja bókfelli úr sessi innan Evrópu og var hann þá yfirleitt merktur með vatnsmerkjum. Hélt það svo þar til framleiðsla varð vélvædd á 19. og 20. öld og pappír varð ódýrari.

Á 15. og 16. öld gáfu vatnsmerki til kynna tilteknar pappírsstærðir og framleiðslustaði en slíkt var þó ekki algilt. Vitað er að pappírsframleiðendur líktu eftir merkjum annarra þekkra framleiðenda í von um virðingu og hagnað.

Notagildi

Vatnsmerki geta haft mikið notagildi við handritarannsóknir, meðal annars til þess að ákvarða ritunartíma og -stað, en gæta þarf mikillar nákvæmni við notkun og túlkun þeirra. Þó að sams konar merki séu í tveimur handritum þarf ekki að vera að pappírinn sé framleiddur á sama stað eða frá sama tíma. Einnig gat líðið drjúgur tími frá því að pappír var framleiddur þar til ritað var á hann og getur það gert rannsakendum erfitt fyrir.

Miklar framfarir hafa orðið í rannsóknum á vatnsmerkjum síðustu áratugi með tilkomu innrauðrar fjölrófsljósmyndunar og alþjóðlegra vatnsmerkjagagnagrunna sem gera rannsakendum hvaðanæva að úr heiminum kleift að bera saman bækur sínar.

Hvernig verða vatnsmerki til?

Hefðbundin aðferð til mótnar pappírsarka var minnst tveggja manna verk og unnið var með tvö pappírsmót hverju sinni. Móti var dýft ofan í kar með pappírskvoðu, því lyft og vatnið síað frá, þá tók annar við mótinu, rétti þeim fyrri nýtt mót og færði síðan nýmótaða pappírörkina yfir á sérstakt ullarfilt. Þegar kominn var dágóður staffi af örkum voru þær settar í pressu til að ná úr þeim sem mestu vatni og síðan voru þær lagðar til þerris. Eftir þurrkun var pappírinn límduur, sléttaður og flokk-
aður eftir gæðum.

Vatnsmerki voru mynduð með vírum sem festir voru í pappírsmótin. Oft voru tvö merki í hverju móti, eitt hvoru megin: stórt aðalmerki, til dæmis skjaldarmerki, og mótmerki sem var yfirleitt smærra, til dæmis fanga-
mark.



Pappír úr sama móti gat tekið breytingum með tímanum þar sem vírarnir trosnuðu eða aflöguðust við mikla notkun mótsins.

Pappírinn er þynnri þar sem vírinn var staðsettur og þannig varð vatnsmerkið til. Vatnsmerki sjást sjaldnast með berum augum, heldur koma í ljós þegar pappírinn er gegnumlýstur.

Í dag er nær allur pappír vélgerður, en fram að fyrstu áratugum 19. aldar var evrópskur pappír handgerður.

Pappír á Íslandi

Elsta varðveitta íslenska pappírsbréfið er frá árinu 1437, AM Dipl. Isl. Fasc. X,6. Þó eru til heimildir um enn eldra bréf sem ekki hefur varðveist. Bréfið AM Fasc. VIII.5, sem skrifað var af norska prestinum Michael Jónssyni á Möðruvöllum árið 1423, er ritað á skinn en vísbendingar eru um að það bréf hafi upphaflega verið skrifað á pappír.


Pappír virðist lítið hafa verið notaður á Íslandi fyrir árið 1550 og sárafá pappírsbréf eru varðveitt fyrir þann tíma. Pappírsbréfið frá 1437 er eina varðveitta pappírsskjalið frá 15. öld. Frá tímabilinu 1501–1570 er hlutfall pappírsbréfa af varðveittum fornbréfum einungis um 12%. Elsta varðveitta pappírshandritið, AM 232 8vo, var skrifað á árunum 1540–1548. Frá fyrri hluta 16. aldar eru pappírshandrit einungis um 1,5% af varðveittum handritum. Á síðari hluta 16. aldar fjölgar pappírshandritum mikið og eru þau þá um 33% varðveittra handrita. Frá 17. öld eru um 95% varðveittra handrita skrifuð á pappír.

Sennileg ástæða þess hve seint pappír náði yfirhöndinni á Íslandi er að hér var ekki stunduð pappírsframleiðsla. Treysta þurfti á innfluttan pappír sem gat verið dýr og því hafa landsmenn hugsanlega fremur valið íslenskt bókfell framan af. Í lok 16. aldar komst meiri regla á innflutning pappírs sem leiddi til þess að hann varð ríkjandi efniviður í handritagerð.

Dularfullur drekahali

Elsta íslenska pappírskrifað sem varðveist hefur er frá árinu 1437, AM Dipl. Isl. Fasc. X,6. Það er skrifað af Þorvarði Loftssyni bónda á Möðruvöllum í Eyjafirði og er frumrit jarðakaupabréfs.

Vatnsmerkið í bréfinu er drekahali og er brot af stærra vatnsmerki sem er mynd af dreka. Dreka vatnsmerki hafa verið tengd svæðinu milli Utrecht og Arnhem, nálægt Rín, þar sem Holland er nú, á árunum 1351–1451, þó aðallega 1411–1431.




AM Dipl. Isl. Fasc. X,6. Varðveitt á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Pappírsslóð rakin: Efniviður íslenskra bóka og handrita frá 16. og 17. öld – frá pappírframleiðslu til bókasafna

Verkefnið Pappírsslóð rakin hlaut þriggja ára styrk frá Rannís árin 2018–2021. Markmið verkefnisins var að komast að uppruna þess pappírs sem notaður var í skjölum, handritum og bókum á Íslandi á 16. og 17. öld með greiningu á vatnsmerkjum í pappír. Meðal þess sem leitað var svara við er hvar og hvenær pappírinn, sem notaður var í bókum og handritum, var framleiddur. Einnig var reynt að komast að því hvort mismunandi pappír hafi verið notaður í mismunandi tilgangi. Var til dæmis notaður annar pappír í handrit en prentaðar bækur?

Í verkefninu voru rannsökuð rúmlega 140 skjöl og 350 handrit, ásamt 36 prentuðum bókum og vatnsmerki í þeim greind. Auk þess voru 480 vatnsmerki í 98 skjölum, 61 handriti og einni bók mynduð.

Verkefnið var unnið af fræðimönnum á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í samstarfi við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.



STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR
í íslenskum fræðum



Höfundar sýningar: Halldóra Kristinsdóttir,
Jón Kristinn Einarsson og Rannver H. Hannesson.
Hönnun sýningar: Ólafur J. Engilbertsson.
5. maí 2022.

Helstu heimildir

- Arna Björk Stefánsdóttir (2008), *Pappír sem ritfang. Yfirtaka pappírs á Íslandi á 16. og 17. öld*, óprentuð BA-ritgerð við Háskóla Íslands.
- Allison, Robert W., (2010) „Current techniques and developments in the study of watermarks and paper“, *The Legacy of Bernard Montfaucon : three hundred years of studies on Greek handwriting : proceedings of the Seventh International Colloquium of Greek Palaeography*, Brepols Publishers, Turnhout, bls. 301–313.
- Bernstein: *Memory of Paper*, https://www.memoryofpaper.eu/BernsteinPortal/appl_-start.disp
- Briquet, C.M. (1985), *Les filigranes. Dictionnaire historique des marques du papier dès leur apparition vers 1282 jusqu'en 1600*, Hacker Art Books, New York.
- Churchill, W.A. (1935), *Watermarks in paper in Holland, England, France, ect., in the XVII and XVIII centuries and their interconnection*, Menno Hertzberger & Co, Amsterdam.
- Gaudriault, Raymond (1995), *Filigranes et autres caractéristiques des papiers fabriqués en France aux XVIIe et XVIIIe siècles*, CRNS Éditions, J. Telford, Paris.
- Heawood, Edward (1969), *Watermarks, mainly of the 17th and 18th centuries*, The Paper Publication Society, Amsterdam.
- Hunter, Dard (1978), *Papermaking. The History and Technique of an Ancient Craft*, Dover, New York.
- Hufnagel, Silvia (2021), „The Paper Trails of Guðbrandur Þorláksson. A Case Study of the Official and Private Paths Used for Purchasing Paper by the Sixteenth-Century Bishop of Hólar, Iceland“, í: Daniel Bellingradt and Anna Reynolds (ritstj.), *The Paper Trade in Early Modern Europe. Practices, Materials, Networks*, Leiden, Boston, bls. 302–324.
- International Standard for the Registration of Papers with or without Watermarks* (2013), version 2.1.1.
- Laurentius, Theo and Frans (2008), *Watermarks 1650–1700 Found in the Zeeland Archives*, GH Houten, Hollandi.
- Lindberg, Nils J (1998), *Paper Comes to the North. Sources and Trade Routes of Paper in the Baltic Sea Region 1350–1700*. Monograph 2.
- Oddur Einarsson (1971), *Íslandshýsing. Qualiscunque decriptio Islandiae*, þýð. Sveinn Pálsson, Reykjavík.
- Rottensten, Birte and Ebba Waaben (1986), *Dansk Vandmærker & Papirmøller 1570–1695*, Bind 1, Vandmærker, Kaupmannahöfn.
- Rottensten, Birte and Ebba Waaben (1987), *Dansk Vandmærker & Papirmøller 1570–1695*, Bind 2, Papirmøller, Kaupmannahöfn.
- Rückert, Peter, Sandra Hodeček and Emanuel Wenger (ritstj.) (2009), *Bull's Head and Mermaid. The History of Paper and Watermarks from the Middle Ages to the Modern Period*, Stuttgart og Vienna.
- Wasserzeichen Informationssystem*, <https://www.wasserzeichen-online.de/wzis/index.php>